

Fundur 15.4.2024 Sigurbjörn Einarsson.

Komið þið sælir, sælt veri fólkið.

Já góða kvöldið.

Ég er nú gamall Nýalssinni en snéri baki við því og þið afsakið að ég sé að koma á þennan fund, en mér var upp á lagt að reyna að snúa ykkur með vitnisburði mínum.

Sigurbjörn Einarsson.

*Já blessaður, sæll vertu.*

Já, komdu sæll.

*Þú snýrð okkur ekki svo glatt, en þú mátt koma með vitnisburðinn, gjörðu svo vel.*

Já þakka þér fyrir, ég hef nú verið í sambandi við Ólaf Skúlason og hef ég stundum iðrast þess að hafa ekki valið þá braut að gerast prestur í framlífi eða biskup þar sem hjörðin er hlýðin og undirgefin.

Og hef ég hlustað á merkilegar sögur um það hvernig hann refsar lýðnum fyrir óhlýðni og hefur mér þótt nóg um á köflum.

En eftir að ég fór úr Nýalsfélaginu í framlífi, hef ég gengið í kristilegan söfnuð þar sem refsingar tíðkast til þess að blíðka Drottinn og hef ég iðrast synda minna og hefur mér verið hugsað til Jobs og Krists að Drottinn er reiður og vill refsa mannfólkinu.

Og við sem erum nokkurs konar píslarvottar erum að reyna að blíðka hann og hefur mér veist sú blessun í lífi mínu að taka við sonum mínum fullum heilsu og hefur Drottinn hjálpað til við það, en ekki eru þeir allir á sama staðnum.

Og merkileg er sú lífsreynsla sem þeir hafa sagt frá og verð ég víst enn um skeið nokkuð blendinn í minni trú þar sem ég var einu sinni Nýalssinni.

Og gæti ég margt sagt frá þjónum Drottins sem eru í þessum heimi og sem ekki eru allir sáttir við og sem hafa tekið við jarðneskum störfum, þar sem þeir hafa ekki verið svo velkomnir í þessari stjórnusambandsstöð.

En í veraldlegum störfum hafa þeir sumir átt velgegni að fagna og eru það kristileg áhrif að magnast um hnöttinn og ekki öllum til gleði en vil ég gjarnan að Karl biskup, sonur minn komist í sambandið, en ekki veit ég hvort af því verður, en vona ég það.

En Nýölsk fortíð mín hefur orðið mér að gagni, þar sem ég hef átt betri samskipti við ýmsa veraldlega menn á þessum hnetti fyrir vikið og var ég hér um stund í starfi við stjórnusambandsstöðina.

Og tók ég ekki alltaf málstað innrásarliðsins, heldur reyndi að nota skynsemina og réttlætis kenndina og er mér það mikilvægt að hnöttur þessi verði ekki eins og þeir helstefnu hnettir þar sem röng kristni hefur fengið að viðgangast.

Já er mér það efst í huga að Karl sonur minn er fram kominn á öðrum hnetti og hef ég hlítt á mál hans og segir margt af trúarlífi hins kristna manns sem er auðmjúkur og beygir sig fyrir Drottni og reiði hans.

Og vona ég að líf mitt sé komið á betri rekspöl, hefur Drottinn varað mig við því að snúa frá sér að nýju og vill að ég þjóni sér og fái gott embætti og veit ég að Ólafur Skúlason gæti einnig viljað koma í sambandið, en ég veit ekki hvort af því verður.

Verð ég nú að kveðja ykkur og þakka ég fyrir þau góðu samskipti sem ég hef stundum haft, þegar ég hef haft, þegar ég hef verið veraldlega þenkjandi en það er ekki svo nú um stundir.

Kveð ég ykkur, verið þið sælir og vona ég að vel gangi á gömlu jörðinni og öllum mínum ættingjum og vinum sem þar eru.

Þakka ég fyrir mig, verið þið sælir.

*Vertu blessaður, vertu sæll, blessaður.*